

Alþingi
Erindi nr. P 141/43
komudagur 4.10.2012

Alþingi
Nefndasvið
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn formanns yfirkjörstjórnar Suðurlkjördæmis um frumvarp til breytinga á lögum um kosningar til Alþingis og lögum um kosningar til sveitarstjórna (aðstoð við kosningu). 180. mál.

Undirritaður hefur móttakið tölvubréf stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis dags. 28. september 2012 þar sem óskað er eftir umsögn yfirkjörstjórnar við frumvarpi til breytinga á lögum um kosningar til Alþingis og lögum um kosningar til sveitarstjórna (aðstoð við kosningu).

Undirritaður leyfir sér að senda yður svohljóðandi :

u m s ö g n :

Meginefni frumvarpsins er að gert er ráð fyrir að leyfa kjósendum, bæði við utankjörfundaratkvæðagreiðslu sem og við atkvæðagreiðslu á kjörfundi, að kjósa með aðstoð fulltrúa að eigin vali sem kjósandi kemur þá í fylgd með til að greiða atkvæði.

Undirritaður telur að stíga eigi varlega til jarðar í máli þessu.

Eftir forsetakosningarnar í sumar kom aðstoð við kjósendur til umræðu og ræddi undirritaður við oddvita kjörstjórna í flestum af 20 kjörstjórnnum í Suðurlkjördæmi og fór yfir gerðabækur allra 40 kjördeilda kjördæmisins og liggur fyrir að hvergi kom til neinna ágreiningsmála varðandi aðstoð við kjósendur skv. 86. gr. laganna. Þrátt fyrir það var aðstoð veitt í 17 tilfellum eins og lögin bjóða án vandkvæða. Þetta segir þá sögu að vandamálið sem verið er að leysa sé afar smátt í sniðum.

Núverandi ákvæði er þess eðlis að kjósandi á kjörfundi getur valið á milli þriggja kjörstjórnarmanna, sem allir eru bundnir þagnarskyldu og ströng refsákvæði liggja við rofi á trúnaði við kjósanda.

Rétt er að taka fram að undirritaður hefur unnið við kosningar í bráðum aldarfjórðung, bæði í kjörstjórnnum sveitarfélags og kjördæmisins og einnig sem kjörstjóri í utankjörfundaratkvæðagreiðslu á sýslumannsembættum og þá sem slíkur ótal sinnum farið á sjúkrahús, dvalarheimili aldraða, fangelsi, vistheimili og í heimahús.

Í ofangreindum störfum hefur undirritaður margoft séð að aðstandendur einstakra kjósenda, þeirra sem eiga við líkamlega eða andlega vanheilsu að stríða, kannski vegna ellihrumleika, hafa vilja til þess að aðstoða þá í kjörklefa og hefur oft sinni þurft að hemja viðkomandi aðila sem hafa þá á stundum viljað sannfærast um að viðkomandi kjósandi kjósi „rétt“.

Undirritaður telur að með þessu nýja ákvæði sé opnuð leið til þess að aðstoð sem þessi verði misnotuð, þó vissulega megi segja að í einhverjum tilfellum sé þetta góðra gjalda vert. Með öðrum orðum þá er ekki, með þessari lagabreytingu nægilega girt fyrir þá hættu að „velviljaðir“ aðstoðarmenn stjórni gerðum kjósenda í kjörklefanum, kjósenda sem vegna þess að þeir eru öðrum háðir, og þá kannski aðstoðarmanni sínum, hafa ekki burði til að kjósa eftir eigin sannfæringu, eða það sem verra er, hafa ekki burði til þess vegna andlegrar bilunar að taka neina afstöðu yfirleitt. Þá má benda á að á stofnunum er oft fjöldi manna háður tilteknum starfsmanni eða mönnum hennar.

Ég sé t.d. ekki að í frumvarpinu sé girt fyrir að einn aðstoðarfulltrúi geti aðstoðað marga skjólstæðinga og það bíður vissri hættu heim, t.d. á stofnunum.

Undirritaður er fús til þess að hitta þingnefndina til þess að ræða þetta mál frekar.

Vestmannaeyjum, 4. október 2012
Virðingarfyllst,

Karl Gauti Hjaltason
Formaður yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis